

# Fjórtí fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga b.s. haldinn 24. maí 2013 kl. 8:30 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar.

Mætt: Ari B. Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson Drífa Kristjánsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir. Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri sveitarfélagsins Árborgar sat einnig fundinn. Drífa ritaði fundargerðina.

## 1. Fundargerð framkvæmdastjórnar:

Samþykkt var 3. fundargerð framkvæmdastjórnarinnar og hún undirrituð.

## 2. Reikningar Héraðsnefndarinnar og stofnana: Ingibjörg Garðarsdóttir fór yfir ársreikninga eftirfarandi stofnana:

- a) **Ársreikningur Héraðsnefndarinnar.** Laun voru heldur hærri en áætlað hafði verið en fundir voru fleiri á árinu vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á Héraðsnefnd Árneseinga bs. á síðasta ári.
- b) **Héraðsskjalasafn Árneseinga:** Reikningurinn er með afgang um kr. 300 þúsund. Rætt var um að erfitt sé að glöggva sig á arfinum sem Héraðsskjalasafnið og Byggðasafnið fengu eftir Helga Ívarsson. Gott væri að halda sérstaka ársreikninga yfir arfinn.
- c) **Byggðasafn Árneseinga:** Ársreikningur er heldur seint á ferðinni. Rætt mikilvægi þess að forstöðumenn komi reikningunum fyrir frá sér. Tap á árinu er tæpar 2,8 milljónir. Annar rekstrarkostnaður er tæpum 4 milljónum króna hærri en á árinu áður. Vantar að hafa samanburð við fjárhagsáætlun 2012 í reikningnum.
- d) **Listasafn Árneseinga:** Tap ársins er lítið eða 89 þúsund en frávikin liggja í því að ekki var gert ráð fyrir afskriftum í fjárhagsáætluninni. Mikilvægt er að muna eftir afskriftum í fjárhagsáætluninni.
- e) **Tónlistarskóli Árneseinga:** Ekki var gerð athugasemd við reikninginn.
- f) **Ársreikningar Brunavarna Árneseinga.** Farið var yfir reikninginn. Tap á fjárhagsáætlun var tæpar 12 milljónir á árinu 2012. Stjórnin mun samþykkja reikninginn en mun óska eftir nánari skýringum á Héraðsnefndarfundinum.

## 3. Önnur mál:

- a) Framkvæmdastjórn samþykkir að leggja fram ársreikninga stofnanna á vorfundinum 8. maí n.k.

- b)** Ákveðið var að skoða hvort ekki væri gott að fá ráðgjafa á haustfund Héraðsnefndarinnar til að fá fram nýjar og ferskar hugmyndir um söfnin og sóknarfæri.
- c)** Ákveðið að forstöðumenn stofnanna fái hálf tíma hver á næsta fundi Héraðsnefndarinnar þann 8. maí n.k. í Þingborg. Þeir komi á fundinn kl. 13:00. Formaður tekur að sér að ræða við þá og finna út tíma með þeim.
- d)** Heimasíða Héraðsnefndarinnar var nefnd og mikilvægi þess að uppfæra hana stöðugt. Slóðin er: <http://www.heradsnefndarnesinga.is/>

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15

---

Ari B. Thorarensen

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Arna Ír Gunnarsdóttir

---

Sveinn Steinarsson

---

Drífa Kristjánsdóttir, fundarritari.